

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR
ÁRSSKÝRSLA 2008



EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA	3
ÁRSREIKNINGUR	23
SKÝRSLA STJÓRNAR	24
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	25
ÁRITUN TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGS	26
YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS	27
EFNAHAGSREIKNINGUR	28
SJÓÐSTREYMI	29
DEILDASKIPT YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS	30
DEILDASKIPTUR EFNAHAGSREIKNINGUR	31
DEILDASKIPT SJÓÐSTREYMI	32
SKÝRINGAR	33
KENNITÖLUR	40
FINANCIAL STATEMENTS 2008	43
THE BOARD OF DIRECTORS' AND MANAGING DIRECTOR'S REPORT	44
INDEPENDENT AUDITOR'S REPORT	45
STATEMENT OF CHANGES IN NET ASSETS FOR PENSION PAYMENTS	46
BALANCE SHEET	47
CASH FLOW STATEMENT	48
FINANCIAL INDICATORS	49

ÚTLITSHÖNNUN: GEIMSTOFAN
LJÓSMYNDIR: GÍSLI DÚA HJÖRLEIFSSON
PRENTVINNSLA: ÁSPRENT EHF.

STAPI LÍFEYRISJÓÐUR
KENNITALA: 601092-2559
STRANDGATA 3 · 600 AKUREYRI

GÓÐIR DRAUMAR RÆTAST!



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

INNGANGUR

Árið 2008 fer væntanlega í sögubækurnar sem annus horribilis – eða árið hræðilega – í efnahagssögu Íslands. Árið var í senn erfitt, viðburðarríkt og fordæmalaust í mörgu tilliti. Þær efnahagshamfarir sem gengu yfir heiminn almennt og Ísland alveg sérstaklega, með bankahruni og fjármálakreppu, höfðu mikil áhrif á alla starfsemi og afkomu sjóðsins. Hrun íslensku bankanna og fall krónunnar með tilheyrandi verðbólgu og erfiðleikum fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili gerði það að verkum að mikil óvissa skapaðist um verðmæti eigna og afkoma sjóðsins var lakari en dæmi eru um áður. Ávöxtun sjóðsins gekk raunar bærilega framan af ári en fall bankanna í byrjun október hafði mikil áhrif til hins verra. Sjóðurinn hafði brugðist við versnandi horfum framan af ári með mjög ákveðinni sölu á hlutabréfum í eigu sjóðsins, til að draga úr áhættu. Í stað þess fjárfesti sjóðurinn að miklu leyti í skuldabréfum, en bankahrunið gerði það að verkum að skuldabréf banka og fyrirtækja reyndust einnig mjög áhættusamur eignaflokkur. Hafa verður í huga að skuldabréf á Íslandi hafa reynst traustar fjárfestingar, þar sem töp hafa verið sjaldgæf og ekki eru dæmi til að tjón hafi orðið við fjárfestingar í skuldabréfum banka á Íslandi fyrr en nú. Þótt stjórnendur sjóðsins hafi gert sér grein fyrir að í mikla erfiðleika stefndi í efnahagslífi Íslendinga þá sáu menn ekki fyrir að allt íslenska bankakerfið myndi hrynja eins og spilaborg. Þetta hrun þurrkaði út alla ávöxtun Tryggingadeildar sjóðsins á árinu, en deildinni tókst þó að komast hjá því að tapa höfuðstól. Nafnávöxtun deildarinnar var nálægt núlli eða jákvæð um 0,2%. Vegna mikillar verðbólgu var raunávöxtunin neikvæð um 13,9%. Sjóðurinn hefur einnig lagt áherslu á það undanfarin ár að verja erlendar eignir fyrir gengissveiflum. Hann hefur í því skyni gert samninga við tvo banka til að stýra þessari áhættu. Við gengishrun íslensku krónunnar myndaðist mikið tap á þessum gjaldeyrisvörnum, sem einnig hafði neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins. Ágreiningur hefur verið um uppgjör á þessum samningum við bankana og eru þeir gerðir upp í ársreikningi miðað við stöðu þeirra við fall bankanna, sbr. skýringu í ársreikningi.

Afkoma allra safna Séreignardeildar var hins vegar góð á árinu. Skuldabréfaeign safnanna var í ríkisskuldabréfum og þau voru ekki með gjaldeyrisvarnir, sem skýrir þann mun sem var á ávöxtun safna Séreignardeildar og Tryggingadeildar. Bankahrunið hafði því lítil sem engin áhrif á sparnaðarleiðir Séreignardeildar, nema þá til að bæta ávöxtun. Nafnávöxtun safnanna var 26,2%, 27,0% og 25,0% og raunávöxtun 8,5%, 9,1% og 7,4%.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

ÚR STARFSEMI SJÓÐSINS

Ef frá eru taldar þær efnahagshamfarir sem dundu yfir á árinu 2008 var rekstur sjóðsins með hefðbundnum hætti.

Sjóðurinn gekk á árinu frá samkomulagi við Starfsendurhæfingu Norðurlands um mat á starfshæfni og endurhæfingarúrræði fyrir öryrkja. Litið er á þetta sem tilraunaverkefni til eins árs og er ætlunin að endurskoða samninginn eftir þann tíma. Verkefninu hefur verið vel tekið. Sjóðurinn er einnig aðili að Starfsendurhæfingu Austurlands og Starfsendurhæfingu Norðurlands vestra. Reiknað er með auknu samstarfi við þessa aðila á komandi árum.

Í kjarasamningi aðila vinnumarkaðarins frá því í febrúar 2008 var samið um svokallaðan Starfsendurhæfingarsjóð. Launagreiðendur greiða 0,13% af launum til sjóðsins og hófst innheimta á því gjaldi í júní 2008. Frá og með 2010 eiga ríkisvaldið og lífeyrissjóðirnir að leggja sjóðnum til sambærilegt framlag. Sjóðurinn, sem er sjálfseignarstofnun, hefur hafið starfsemi, en enn er lítil reynsla komin á þessa starfsemi. Sjóðnum er ætlað að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að einstaklingur sem lent hefur í veikindum eða áföllum fái sem fyrst notið endurhæfingarúrræða og verði sem fyrst aftur virkur á vinnumarkaði. Sjóðnum er þannig ætlað að grípa inn í áður en til örorkuúrskurðar kemur. Mikilvægt er að náíð samstarf takist með Starfsendurhæfingarsjóði og þeim aðilum sem vinna að starfsendurhæfingu og hafa tiltæka þekkingu á því sviði s.s. þær svæðisbundnu starfsendurhæfingar sem starfa á starfssvæði Stapa lífeyrissjóðs.

Gengið var frá nýju samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða á Íslandi á árinu, sem einfaldar samskipti og minnkar flutning á réttindum milli sjóða við töku lífeyris.

Unnið hefur verið að gagngerrni endurskoðun á öllu innra eftirliti sjóðsins að undanfögnu. Sú vinna var vel á veg komin fyrir bankahrun, en þeir atburðir hafa haft áhrif á þá vinnu. Sjóðnum var sett sérstök eftirlits- og hlítungarskrá, þar sem áhætta í rekstri sjóðsins er skilgreind, ásamt viðeigandi eftirlitsaðgerðum. Sett var upp sérstakt eftirlitsskipulag þar sem allar eftirlitsaðgerðir eru tíundaðar og hver ber ábyrgð á þeim. Var þetta gert í samstarfi við innri endurskoðendur sjóðsins. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sjóðsins og gerði kannanir ársfjórðungslega á fjárfestingum hans þ.m.t. að hann uppfyllti skilyrði laga, reglna og eigin fjárfestingarstefnu. Þetta eftirlit hefur nú verið aukið og er nú á tveggja mánaða fresti. Sjóðurinn hefur einnig sett sér eigin reglur í þessu efni og gerir nú reglulegar kannanir mánaðarlega og ársfjórðungslega eru nákvæmari skýrslur um þetta efni lagðar fyrir stjórn, svokallaðar hlítungarskýrslur. Í þessum skýrslum er farið er yfir allar eignir sjóðsins og gengið úr skugga um að þær séu innan ramma laga, reglna og fjárfestingarstefnu.

Mánaðarlega eru lagðar fyrir stjórn upplýsingar úr rekstri sjóðsins s.s. um ávöxtun, viðskipti, rekstur, iðgjöld, vanskil o.fl. í þeim dúr, í samræmi við reglur sjóðsins um upplýsingagjöf til stjórnar. Unnar eru nákvæmari ávöxtunarskýrslur ársfjórðungslega um árangur sjóðsins í öllum eignaflokkum og samanburð við viðmið bæði hvað varðar árangur og áhættu. Þá sendir sjóðurinn Seðlabanka Íslands upplýsingar um fjárfestingar sínar og breytingar á verðmæti eigna mánaðarlega.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Skipurit sjóðsins var endurskoðað. Farið var yfir alla verkferla og starfslýsingar, þ.m.t. verkferla við fjárfestingar. Komið var á fót sérstöku fjárfestingarráði til að annast fjárfestingar fyrir sjóðinn og sérstöku fjárfestingarskipulagi sem tekur til allra eignaflokka sem sjóðurinn fjárfestir í og skilgreindir ábyrgð starfsmanna. Heimildir starfsmanna voru nánar skilgreindar í sérstöku erindisbréfum. Öryggisreglur hjá sjóðnum voru yfirfarnar, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti endurskoðaðar og komið upp eignarskrám yfir persónulegar eignir starfsmanna, sem endurskoðandi hefur aðgang að. Sjóðurinn setti sér reglur um varnir gegn peningabætti í samræmi við nýsett lög um það efni, settar voru reglur um meðferð vanskila og kvartana. Auk þess voru sjóðnum settar nýjar siðareglur. Þá verður skipuð sérstök endurskoðunarnefnd hjá sjóðnum eftir ársfundinn 2009, sem ætlað er að fara nánar yfir uppgjör og endurskoðun sjóðsins á hverjum tíma í samstarfi við endurskoðendur.

Unnin eru ítarleg mánaðarleg uppgjör fyrir sjóðinn sem lögð eru fyrir stjórnarfundum ásamt mati á tryggingafræðilegri stöðu og þar með reynt að fylgjast náið með breytingum á stöðu hans. Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði mjög eftir hrunið og fór úr jákvæðri stöðu upp á 2,2% í neikvæða stöðu upp á 6,9%. Sú staða er innan leyfilegra marka, þannig að hún kallar ekki á skerðingu á réttindum, en ljóst er að lítið má út af bregða til að sjóðurinn fari niður fyrir leyfileg mörk. Því er mikilvægt að fylgjast vel með þessari stöðu og draga úr áhættu í eignasafni sjóðsins, en að því hefur markvisst verið unnið.

Unnið hefur verið að því að endurnýja heimasíðu sjóðsins og er því verki nú að ljúka. Vonast er til að það bæti enn þjónustu sjóðsins og gefi sjóðfélögum kost á betri upplýsingum en áður.

Sjóðurinn hefur brugðist við efnahagshruninu með ýmsum hætti. Vextir af sjóðfélagalánnum voru lækkaðir úr 5,7% í 4,2% í tveimur áföngum, til að létta undir með sjóðfélögum og auka líkur á því að þeir standi í skilum. Einnig lækkaði sjóðurinn tímabundið dráttarvexti á vanskilum launagreiðenda til að auðvelda þeim að standa í skilum. Slík lækkun dráttarvaxta var þó háð því að gert væri upp við sjóðinn. Hefur þessum aðgerðum verið vel tekið og haft mikil áhrif í þá veru að vanskil hafa ekki aukist að neinu marki, enn sem komið er.

Sjóðurinn er stofnaðili, ásamt fleiri lífeyrissjóðum, að Kröfusjóði ÍV sem ætlað er að vinna úr kröfum viðkomandi lífeyrissjóða á hendur fyrirtækjum sem lent hafa í erfiðleikum vegna efnahagskreppunnar og koma að endurskipulagningu þessara fyrirtækja. Markmiðið er að hámarka endurheimtur lífeyrissjóðanna á kröfum á hendur þessum aðilum og lágmarka það tjón sem sjóðirnir verða fyrir vegna þessa.

ATBURÐIR FRÁ ÁRSLOKUM 2008 OG ÓVISSUÞÆTTIR Í REKSTRI


Árið 2009 verður erfitt fyrir íslenskan efnahag og mikil óvissa er enn um verðmæti eigna. Fjármálafyrirtækin Straumur-Burðarás, SPRON og Sparisjóðabankinn hafa farið í þrot og Askar Capital er með eiginfjárstöðu undir leyfilegum mörkum. Þessir atburðir hafa neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins um 1-2%. Uppgjör gömlu bankanna og margra íslenskra fyrirtækja er enn háð mikilli óvissu og ekki útséð hvaða áhrif þetta hefur á stöðu sjóðsins. Sjóðurinn færði skuldabréf á þessa aðila mikið niður, eins og kemur fram í ársuppgjörinu 2008. Engin vissa er fyrir því að þessar niðurfærslur séu nægjanlegar. Þá er uppgjóri á gjaldmiðlaskiptasamningum við gömlu viðskiptabankanna enn ólokið og mikil óvissa er um lyktir þess máls, eins og tilgreint er í ársreikningnum.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Um áramótin voru eignir sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum 32%. Ekki eru möguleikar á að verja þessa stöðu fyrir sveiflum í gjaldmiðlum eins og nú háttar. Þessi opna gjaldeyrisstaða eykur því áhættuna í rekstri sjóðsins á árinu 2009.

Á árinu 2009 voru samþykkt lög sem heimiluðu tímabundna útborgun á séreignasparnaði. Eflaust mun nokkur hópur félagsmanna í Stapa nýta sér þennan kost til að mæta erfiðri fjárhagsstöðu. Þetta, ásamt almennum efnahagserfiðleikum og lækkandi launum, mun eflaust gera það að verkum að vöxtur séreignasparnaðar verður minni á komandi árum, en hann hefur verið undanfarið. Mikilvægt er þó að standa vörð um þennan valkost til framtíðar lítið enda er hér um mjög hagstætt sparnaðarform að ræða.

Það sem af er árinu 2009 hefur afkoma safna sjóðsins verið sem hér segir:



STARFSUMHVERFI

Þeir erfiðleikar sem hófust um mitt ár 2007 með svokallaðri undirmáslánakreppu á bandarískum húsnæðismarkaði hafa breiðst út til allra markaðssvæða í heiminum og þróast í alþjóðlega fjármálakreppu. Þessi kreppa er dýpri og mun hafa víðtækari og meira langvarandi áhrif en nokkur niðursveifla síðan í heimskreppunni á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar. Líkt og þá er undirrót kreppunnar sívaxandi skuldsetning sem á endanum náði því stigi að ekki var lengur við neitt ráðið. Skuldsetning hefur vaxið jafnt og þétt í þróuðum ríkjum á undanförunum árum og fjármálageirinn hefur blásið út. Þannig hefur fjármálageirinn vaxið með tvöföldum hraða miðað við undirliggjandi hagkerfi, á hverju ári, undanfarin 20 ár. Fjármálageirinn er í eðli sínu ekkert annað en milliliður milli sparifjáreigenda og lántakenda og vöxtur af þessu tagi fær því ekki staðist til lengdar. Í lok árs 2007 voru skuldir þróaðra ríkja orðnar um 130% af landsframleiðslu þar sem um helmingur þessara skulda voru skuldir fjármálafyrirtækja. Þessi síaukna skuldsetning leiddi til mikilla hækkana á eignaverði í heiminum, bæði í verðbréfum, fasteignum og síðast á hrávörum. Nú hefur þessi spilaborg fallið og líklegt er að það muni taka talsverðan tíma að aðlaga hagkerfi heimsins að lægri og viðráðanlegri skuldsetningu. Japanska hagkerfið lenti í svipaðri kreppu í lok níunda áratugar síðustu aldar eftir að bóla mikilla eignaverðshækkana sem drifnar voru áfram með síaukinni skuldsetningu, sprakk. Það tók japanska hagkerfið 15 ár að borga brúsann og hefur það tæplega náð sér enn, tveimur áratugum síðar. Sú skuldaaðlögun sem nú fer fram mun að líkindum taka langan tíma og hafa mikil áhrif á fjármálmarkaði framtíðarinnar, þ.m.t. á alla bankastarfsemi, verðmat á eignum og áhættumat við eignastýringu.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Hér á Íslandi var þróunin enn öfgakenndari en í flestum ríkjum í okkar heimshluta og endaði með algjöru hruni íslenska fjármálakerfisins og tilheyrandi falli á íslensku krónunni, himinháum vöxtum og óðaverðbólgu. Þótt alþjóðlega fjármálakreppan hafi sett bankahrunið af stað á Íslandi var orsakanna ekki að leita þar. Íslenskt fjármálakerfi var orðið allt of stórt miðað við undirliggjandi efnahag og því brothætt ef til erfiðleika kæmi. Með bankakerfi sem var 12-föld landsframleiðsla var Seðlabankinn einfaldlega ekki trúverðugur lánveitandi til þrautarvara. Lán bankans til fjármálastofnana eru í raun veðsetning á framtíðartekjum ríkisins sem er bakábyrgðaraðili þessara lána. Fáist þau ekki greidd til baka lenda þau á skattgreiðendum. Fjárlög ríkisins, þ.e. allar þess tekjur, voru ekki nema um 2,5% af efnahag bankanna. Stór hluti ríkisteknanna fer auk þess í rekstur. Það er því ljóst að mikil takmörk eru fyrir því hve stór lán aðili eins og Seðlabankinn gat veitt og skiptir þá í raun engu við hvaða mynt við búum. Kerfið hlaut að falla ef allir bankarnir lentu í vandræðum á sama tíma.

Ísland fór þannig ekki varhluta af lánafylleríinu – í því efni gerðum við „betur“ en flestir aðrir. Lán lánakerfisins til innlendra aðila jukust um 450% frá 2000 til 2008. Á sama tíma jukust erlendar skuldir innlendra aðila um 1730%. Þessi mikla skuldaaukning endaði með nær algjöru hruni. Stórfeld erlend lán til fólks og fyrirtækja sem engar erlendar tekjur hafa hlaut að enda með gjaldeyriskreppu. Íslendingar almennt, en sérstaklega okkar fjármála- og eftirlitsstofnanir sváfu algerlega á verðinum. Þótt erlenda fjármálakreppan, einkum fall bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brother, hafi verið sá neisti sem kveikti bálið í íslensku fjármálakerfi, þá voru það landsmenn sjálfir sem lögðu til eldsmatinn.

Hrunið hefur leitt til mikillar verðyrnunar á eignum og umtalsverðra erfiðleika fyrir íslensk heimili og fyrirtæki, sem mörg hver eru nú með verulega hærri skuldir en nemur eignum. Framundan er nær algjör endurskipulagning á íslensku efnahagslífi þar sem aðlaga þarf skuldir að greiðslugetu með tilheyrandi stórfelldum afskriftum krafna og lengingu lána til þessara aðila. Þetta hefur í för með sér mikla rýrnun á kröfum allra kröfuhafa þ.m.t. íslenskra lífeyrissjóða og hefur því óhjákvæmilega mikil áhrif á afkomu þeirra. Gera má ráð fyrir að það taki íslenskt þjóðarbú langan tíma að vinna sig út úr þeim erfiðleikum sem hrunið hefur skapað og að koma íslensku efnahagslífi í eðlilegt horf. Gildir það bæði um efnahag og rekstur íslenskra heimila og fyrirtækja sem og enduruppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar. Hversu hratt þessi enduruppbygging getur gengið fyrir sig veltur að stórum hluta á því hve skuldsetning þjóðarbúsins verður mikil eftir þessar hremmingar. Hver sem niðurstaðan verður er líklegt að skuldir verði áfram miklar og það muni taka okkur langan tíma að vinna okkur út úr þessu skuldafeni, ekki síst þegar við bætast skuldir vegna ábygða á innlánum í erlendum útbúum bankanna. Við hefðum átt nóg með okkar eigin.


Allar hagstærðir á Íslandi taka mið af þessum hremmingum. Þannig var verðbólgan 16,4%, kaupmáttur launa lækkaði um 8,4%, húsnæðisverð lækkaði um 18%, gengi krónunnar um 45%, stýrivextir voru hækkaðir í 18% og hafa síðan verið lækkaðir í áföngum, atvinnuleysi jókst hröðum skrefum og var komið í um 9% í mars 2009. Útlitið er enn dekkra fyrir árið 2009, en búist er við að landsframleiðsla dragist saman um 10-15%, atvinnuleysi fari yfir 10%, einkaneysla dragist saman um 25%, og kaupmáttur ráðstöfunartekna muni rýrna verulega eða um 15-20%. Útlitið er því ekki bjart og verkefnin ærin. Vert er þó að hafa í huga að öll él stytir upp um síðir.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

SKULDABRÉFAMARKAÐUR

Íslensk ríkisskuldabréf skiluðu mjög góðri ávöxtun á árinu 2008 en árin þrjú þar á undan voru slök í þessum eignaflokki. Einkum skiluðu verðtryggð ríkisskuldabréf góðri ávöxtun, enda var verðbólga veruleg. Vísitala langra verðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkaði um 41,1% á árinu og vísitala styttri ríkistryggðra skuldabréfa hækkaði um 36,7%. Óverðtryggð ríkisskuldabréf skiluðu mun lægri ávöxtun en vísitala þeirra bréfa hækkaði um 10,8% á árinu. Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (verðtryggð ríkisskuldabréf) fór lækkandi á fyrri hluta ársins, einkum vegna aukinna verðbólguvæntinga. Við bankahrunið jókst áhættufælni fjárfesta mikið og fór ávöxtunarkrafa allra flokka íbúðabréfa niður fyrir 2% á tímabili og raunar urðu viðskipti með slík bréf á neikvæðri ávöxtunarkröfu þegar ringulreiðin var hvað mest. Eftir að markaðurinn róaðist fór krafan hratt hækkandi á nýjan leik og var í kringum 4% í árslok. Í byrjun árs 2009 hélt ávöxtunarkrafan áfram að hækka.

PRÓUN ÁVÖXTUNARKRÖFU




Ávöxtunarkrafa á öðrum markaðsskuldabréfum fór mjög hækkandi á árinu vegna mikillar óvissu um afkomu og afdrif útgefenda í þessum flokki og viðskipti voru lítil. Við fall bankanna rýrnuðu þessi bréf mikið í verði, sem eins og áður er getið hafði mikil áhrif á afkomu Tryggingadeildar sjóðsins. Séreignarsöfnin sluppu hins vegar við þessa eignarýrnun.

Í Séreignardeild er hægt er að flytja eignir burt frá sjóðnum með skömmum fyrirvara. Því hefur alltaf verið lögð áhersla á að eignir deildarinnar séu í vel seljanlegum verðbréfum. Skuldabréfaeign deildarinnar hefur því verið í ríkisskuldabréfum sem auðvelt er að kaupa og selja. Tryggingadeildin býr hins vegar ekki við þá áhættu að fjármunir séu fluttir frá henni með skömmum fyrirvara. Þar hefur því verið talið óhætt að fjárfesta í skuldabréfum sem hafa minni seljanleika en bera hærri vexti, svo sem skuldabréf banka, sveitarfélaga og fyrirtækja. Markmiðið með þessu hefur verið að auka ávöxtun til lengri tíma lítið með því að nýta sér hærri vexti, sem þessi bréf bera. Eins og sést á meðfylgjandi línuriti höfðu önnur markaðsskuldabréf gert nokkuð betur en ríkisskuldabréf á undanförunum árum þar til hörmungarnar í október 2008 dundu yfir, en þeir atburðir hafa leitt til gagngerrar endurskoðunar á fjárfestingum í þessum eignaflokki.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

ÞRÓUN RÍKISSKULDABRÉFA OG ANNARRA
MARKAÐSSKULDABRÉFA FRÁ 2000




Þessi stefna reyndist því afdrifarík í hruninu þar sem ávöxtun sl. 5 ára í þessum eignaflokki þurrkaðist út á einu bretti. Þessir atburðir hljóta að hafa talsverð áhrif á fjárfestingarstefnu sjóðsins á komandi árum.

HLUTABRÉFAMARKAÐUR

Íslensk hlutabréf lækkuðu jafnt og þétt framan af árinu 2008 og við fall bankanna varð algjört hrun á markaðinum. Úrvalsvísitalan lækkaði um 94,4% og var íslenski hlutabréfamarkaðurinn sá lélegasti í heiminum árið 2008, en íslensk hlutabréf hafa gefið mjög ríflega ávöxtun mörg undanfarin ár. Í lok árs 2008 stóð úrvalsvísitalan á svipuðum stað og hún var árið 1993 þannig að fimmtán ár af góðri ávöxtun í þessum eignaflokki þurrkaðist út á einu bretti. Þannig lætur nærri að um 3.500 milljarðar af eignum íslendinga hafi þurrkast út og þessi markaður er nú ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var. Þetta er gríðarlegt högg fyrir hagkerfið og hafði augljóslega mikil áhrif á allan sparnað landsmanna þ.m.t. á íslenska lífeyrissjóði. Sú mýflugumynd sem eftir er af íslenska hlutabréfamarkaðinum hefur átt undir högg að sækja það sem af er árinu 2009 og hafa innlend hlutabréf haldið áfram að lækka í verði.

Mikil óvissa er nú um framtíð íslensks hlutabréfamarkaðar og víst er að það verður mikið og erfitt verk að reisa hann við ef það er á annað borð mögulegt. Mikilvægt er að tengja markaðinn öðrum mörkuðum þannig að meira úrval fyrirtækja sé fyrir hendi og meiri möguleikar á að dreifa áhættu. Augljóst er að mörg af stærstu íslensku fyrirtækjunum munu lenda í eigu íslenska ríkisins eða nýju íslensku ríkisbankanna. Æskilegt er að sem mest af þessum fyrirtækjum verði skráð í Kauphöll Íslands eftir endurskipulagningu. Það er bæði leið til að byggja markaðinn upp að nýju og auka trúverðugleika á rekstri þessara fyrirtækja. Það myndi auka gegnsæi og upplýsingastreymi frá fyrirtækjunum og minnka líkur á óeðlilegri fyrirgreiðslu til þeirra frá hinu opinbera eða ríkisbönkunum og stuðla þannig að heilbrigðari samkeppni.


SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA



ERLENDIR MARKAÐIR

Heimsbúskapurinn og erlendir markaðir mótuðust mjög af þeirri fjármálfreppu sem nú ríkir. Áætlað er að hagvöxtur á heimsvísu hafi verið jákvæður um 2,3% á árinu, þrátt fyrir að flest þróuð hagkerfi hafi verið kominn í verulegan samdrátt í lok ársins. Heimsverslun hefur dregist mikið saman, verðbólga fór minnkandi og búist er við verðhjöðnun í mörgum ríkjum á árinu 2009 og 2010. Seðlabankar heimsins kepptust við að lækka vexti og kaupa upp skuldabréf á markaði til að sporna við frekari samdrætti. Ríkisstjórnir hafa víða komið bönkum til bjargar og veitt meiri fjármunum til að örva hagkerfin en dæmi eru til um áður. Vextir eru þeir lægstu sem sést hafa og í mörgum ríkjum nálægt núllinu. Erfiðleikar bankakerfisins hafa haldið áfram. Margir af stærstu bönkum heims komust í veruleg vandræði og sumir fóru í þrot eða voru sameinaðir öðrum. Segja má að fall bandarískra fjárfestingarbankans Lehman Brothers hafi komið af stað keðjuverkun sem nálega þurrkaði upp allt lausafé á mörkuðum og kom mörgum bankanum í vandræði. Afskriftir í bankakerfi heimsins hafa verið gifurlegar og talsvert virðist enn eftir í þeim efnunum.

Heimsvísitala hlutabréf féll um 42,1% í dollurum talið á árinu 2008 og hélt áfram að falla í byrjun árs 2009 en fallið virðist hafa stöðvast a.m.k. í bili og raunar gengið nokkuð til baka. Flótti fjárfesta í öruggt skjól hefur gert það að verkum að ríkisskuldabréf hafa hækkað mikið í verði, en skuldabréf fyrirtækja hafa lækkað umtalsvert.



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Þótt seðlabönkum og ríkisstjórnnum heimsins hafi tekist að stöðva fall á eignamörkuðum í bili a.m.k eru enn mikil vandamál í farvatninu. Reiknað er með að flest hagkerfi heimsins dragist saman á næsta ári um 2-5% og verulega mun hægja á vexti nýmarkaðsríkja Asíu en þar er þó reiknað með áframhaldandi hagvexti. Gert er ráð fyrir að mikill samdráttur verði í heimsverslun og hagnaður fyrirtækja dragist mikið saman. Þannig dróst hagnaður fyrirtækja í Bandaríkjum Norður-Ameríku saman í heild um 77% á árinu 2008 og um 40% ef eingöngu er litið til rekstrarþátta. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í rekstrarhagnaði á árunum 2009 og 2010. Margir hagvísar benda til þess að mesta niðursveiflan sé að baki. Hvernig framhaldið verður mun velta mikið á hvernig endurskipulagning bankakerfisins gengur fyrir sig og hversu fljótt tekst að koma lánastarfsemi í eðlilegt horf. Einnig veltur mikið á því að efnahagur fyrirtækja verði bærilegur þannig að þau hefji lántökur og fjárfestingar á nýjan leik. Erfitt er að segja hversu langan tíma þetta viðreisnarstarf mun taka. Allar líkur benda til þess að það taki hagkerfi heimsins talsverðan tíma að jafna sig á þeim hremmingum sem nú ganga yfir og hefja nýtt vaxtarskeið. Framundan er því mikill óvissutími í ávöxtun eigna sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á afkomu aðila eins og lífeyrissjóða. Vert er þó að halda því til haga að óvissutímar geta líka falið í sér mörg tækifæri enda verð á eignum nú lægra en verið hefur um langt skeið.


STARFSEMI SJÓÐSINS

LÍFEYRISMÁL

Lífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar námu alls 2.123 milljónum króna og jukust um 7,7% frá fyrra ári. Á árinu fékk sjóðurinn greiddar 212,7 milljónir króna frá ríkinu í tengslum við samkomulag sem gert var um jöfnun örorkubyrði milli lífeyrissjóða í tengslum við kjarasamninga ASÍ og SA frá árinu 2005. Greiðsla þessi er færð í ársreikningi, líkt og á árinu 2007, til lækkunar á lífeyrisgreiðslum en hækkun lífeyris án þessarar greiðslu er 10,3%. Lífeyrisbyrði sjóðsins sem hlutfall af iðgjöldum nam 44,1% samanborið við 37,5% á árinu 2007 en hækkunina má fyrst og fremst rekja til lækkunar á iðgjöldum milli áranna.

Á liðnu ári hóf 341 sjóðfélagi töku ellilífeyris, 189 einstaklingar fengu úrskurðaðan örorkulífeyrir, 102 makalífeyri og 74 barnalífeyri. Þá fengu 59 einstaklingar eingreiðslu lífeyris en með breyttum samskiptareglum lífeyrissjóða eru réttindi undir vissum lágmarkum nú greidd út í eingreiðslu í stað þess að réttindi séu flutt milli sjóða eins og áður. Lífeyrisþegar voru í árslok 6.083.

SKIPTING LÍFEYRIS 2008




SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Nokkur breyting hefur orðið á hlutfalli örorkulífeyris af heildar lífeyrisgreiðslum sjóðsins en nokkur lækkun varð á örorkugreiðslum í kjölfar breytinga sem gerðar voru á reglum varðandi tekjuathugun lífeyrisþega auk þess sem greiðsla ríkisins vegna örorkubyrði er allnokkru hærri á árinu 2008 en á árinu 2007.

Sjóðurinn hefur í samvinnu við Starfsendurhæfingu Norðurlands boðið örorkulífeyrisþegum upp á úrræði til starfendurhæfingar með það að markmiði að hjálpa einstaklingum til að komast aftur út á vinnumarkað og nýta þá starfsgetu sem þeir búa yfir. Hefur það samstarf verið með miklum ágætum. Væntir sjóðurinn þess að samstarf við nýstofnaðan Starfsendurhæfingarsjóð atvinnulífsins Virk, leiði til frekari úrræða fyrir einstaklinga. Brýnt er að efla þau úrræði sem til staðar eru og það samstarf og aðkoma sú sem sjóðurinn hefur nú þegar við starfsendurhæfingar á starfssvæði sjóðsins verði nýtt.

ÁSTÆÐUR ÖRORKU - NÝIR ÚRSKURÐIR




FJÁRFESTINGARSTEFNA TRYGGINGAÐEILDAR OG RÁÐSTÖFUN FJÁRMAGNS

Fjárfestingarstefna sjóðsins var endurskoðuð í lok árs 2008. Breytingar voru gerðar á stefnunni bæði til að aðlaga hana að nýjum raunveruleika og til að draga úr áhættu. Talið var nauðsynlegt að minnka áhættu í eignasafni sjóðsins vegna lakari tryggingafræðilegrar stöðu. Vægi skuldabréfa, annarra fjárfestinga og skammtímafjár var aukið, en dregið úr vægi innlendra hlutabréfa. Innlend ríkisskuldabréfavísitala er notuð sem viðmið fyrir öll innlend skuldabréf. Þá hefur einnig verið ákveðið að bera árangur sjóðsins saman við 3,5% raunávöxtun sem er útreikningsgrundvöllur lífeyrisréttinda sjóðsins. Eftirfarandi breytingar voru gerðar á viðmiðunarvísitölu sjóðsins:

EIGNAFLOKKUR	HEITI VÍSITÖLU	ELDRA VÆGI	NÝTT VÆGI	SKÝRING
Innlend skuldabréf	Samsett vísitala ríkisskuldabréfa	40%	45%	Vísitala fyrir íslensk ríkisskuldabréf
Innlend hlutabréf	OMXI-15	20%	5%	Úrvalsvísitala íslenskra hlutabréfa
Erlend skuldabréf	JPM Global Bond Index	10%	10%	Alþjóðleg skuldabréfavísitala JP Morgan
Erlend hlutabréf	MSCI-World	18%	20%	Morgan Stanley heimsvísitala hlutabréfa
Aðrar fjárfestingar	HFRI FoF Diversf. Index	10%	15%	Breið marksjóðasjóða vísitala frá HFRI
Skammt.bréf og innlán	3 mánaða ríkisvixlar	2%	5%	Ávöxtun 3ja mánaða ísl. ríkisvixla

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Undirvísitölur gáfu mismunandi ávöxtun á síðasta ári eins og sjá má á neðangreindu línuriti:



Leyfilegum vikiörkum í einstökum eignaflokkum var einnig breytt sem hér segir:

EIGNAFLOKKUR	ELDRI VIKMÖRK	NÝ VIKMÖRK
Ríkisbréf	20-50%	0-60%
Önnur markaðsskuldabréf	0-20%	0-25%
Veðskuldabréf	0-10%	0-10%
Erlend skuldabréf	0-20%	0-20%
Innlend hlutabréf	10-30%	0-10%
Erlend hlutabréf	10-30%	0-30%
Aðrar fjárfestingar	0-10%	0-30%
Skammtímaþréf og innlán	0-10%	0-30%

Breytingar á vikiörkum eru af sama toga og breytingar á viðmiðunarvísitölu. Vikiörk er víkkuð í skuldabréfum, öðrum fjárfestingum og lausu fé og einnig eru neðri mörk í öllum flokkum sett á 0 til að gefa sjóðnum færi á að fara út úr einstökum eignaflokkum ef óeðlilegar aðstæður á mörkuðum gera það æskilegt.

Árangur sjóðsins er borinn saman við niðurstöðu viðmiðunarvísitölu, bæði hvað varðar ávöxtun og áhættu. Þá er einnig gerður samanburður við reiknivexti sjóðsins.

Við stýringu á áhættu sjóðsins er einkum litið til skuldbindingaráhættu, markaðsáhættu, skuldara- og greiðsluáhættu og samanburðaráhættu. Fylgst er reglubundið með þessum áhættuþáttum, m.a. í sérstökum hlítningar- og ávöxtunarskýrslum sem reglulega eru unnar hjá sjóðnum.

Miklar breytingar urðu á eignasafni sjóðsins á árinu sem rekja má til versnandi efnahagsástands og lækkunar á mörkuðum. Sjóðurinn seldi markvisst frá sér innlend og erlend hlutabréf, en fjárfesti þess í stað í innlendum skuldabréfum og innlendum og erlendum innlánnum og skammtímaþréfum. Markmið þessara breytinga var að draga úr áhættu sjóðsins við þessar aðstæður. Segja má að þetta hafi tekist að nokkru leyti. Þannig dró rösk sala á hlutabréfum verulega úr áhættu sjóðsins. Kaup á skuldabréfum reyndust hins vegar í vissum tilfellum ekki sú bjargræðisaðgerð sem stefnt var að, enda gerði sjóðurinn ekki ráð fyrir því að íslensku bankarnir myndu falla. Við það töpuðust verulegir fjármunir í innlendum skuldabréfum, bæði skuldabréfum bankanna og annarra fyrirtækja. Í ársreikningnum er

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

reynt að áætla þetta tap og eru skuldabréf færð niður um 11,5 milljarða til að mæta hugsanlegum töpum. Hér er um varúðarniðurfærslu að ræða, en enn ríkir mikil óvissa um verðmæti þessara eigna. Er þessi niðurfærsla langstærsta skýringin á slakri ávöxtun ársins. Breytingar á eignasamsetningu sjóðsins á árinu voru sem hér segir:

Eignaflokkar	Staða 31/12/2008	Staða 31/12/2007	Breyting
Ríkisskuldabréf	19,0%	22,1%	-3,0%
Önnur innlend markaðsskuldabréf	16,2%	15,3%	0,9%
Veðskuldabréf	3,1%	2,5%	0,6%
Erlend skuldabréf	8,6%	9,9%	-1,3%
Innlend hlutabréf	1,8%	14,2%	-12,4%
Erlend hlutabréf	9,6%	19,3%	-9,7%
Aðrar fjárfestingar	11,3%	8,3%	3,0%
Bankainnistæður og skammtímabréf	30,4%	8,4%	21,9%

ÁVÖXTUN OG ÁHÆTTA

Ávöxtun ársins 2008 var sú lakasta í sögu sjóðsins, sem rekja má til ríkjandi fjármálakreppu í heiminum og alveg sértaklega til bankahrunsins á Íslandi. Fjármagnstekjur Tryggingadeildar námu 311 milljónum króna en voru 4,5 milljarðar árið 2007 og 11,4 milljarðar árið 2006, sem sýnir vel hversu mikið tekjur sjóðsins hafa rýrnað í þeim efnahagsþrengingum sem nú standa yfir.


Ávöxtun Tryggingadeildar á árinu var jákvæð upp á 0,2% að nafnverði en raunávöxtunin var neikvæð upp á 13,9%. Þannig má segja að ávöxtun ársins hafi tapast í bankahrununin en tekist hafi að verja höfuðstólinn. Þótt afkoman sé ekki glæsileg má ef til vill segja að hún sé bærileg miðað við aðstæður.

Ávöxtunin er langt undir þeirri 3,5% raunávöxtun sem sjóðurinn þarf að ná til að standa undir verðmæti réttinda og rýrnaði því tryggingafræðileg staða deildarinnar talsvert á árinu. Síðastliðin 5 ár er raunávöxtun sjóðsins 3,7% og síðastliðin 10 ár 3,6% sem er yfir tilskyldum mörkum.

Samanborið við viðmið er árangur sjóðsins góður. Ofangreind ávöxtun sjóðsins miðast við svokallað bókfært verð, en þar eru skuldabréf í eigu sjóðsins gerð upp miðað við kaupávöxtunarkröfu, en ekki á markaðskjörum. (sjá töflu hér að neðan). Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2008 miðað við markaðsverðmat (án gjaldeyrisvarna) var 7,3% samanborið 0,2% mv. bókhaldsverðmat. Viðmiðunarvísitala sjóðsins er miðuð við markaðsverðmat og lækkaði hún um 9,4% á árinu 2008. Ávöxtun sjóðsins var þannig 16,7% hærrí en viðmiðunarvísitalan.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA


Nafnávöxtun einstakra eignaflokka ásamt viðmiði var sem hér segir:



Við stýringu á eignum sjóðsins er ávallt miðað við markaðsávöxtun eigna, en ekki bókhaldsávöxtun líkt og gert er í ársuppgjöri, þar sem skuldabréf eru metin á kaupávöxtunarkröfu. Hér fyrir neðan má sjá samanburð á þessu tvennu:

	2008	2007
Ávöxtun á markaðsvirði	7,30%	4,03%
Mismunur vegna kaupávöxtunar	(3,55%)	0,87%
Rekstrar- og fjármagnsgjöld	(0,13%)	(0,19%)
Gjaldeyrissvarnir	(3,29%)	0,33%
Aðrir liðir	(0,12%)	0,22%
Ávöxtun ársins	0,21%	5,26%

Nafn og raunávöxtun undanfarinna ára er sem hér segir:




Árangur sjóðsins á árinu 2008 og ýmsar kennitölur honum tengdar eru sem hér segir:

	Stapi	Vísitala
Ávöxtun	7,3%	-9,4%
Umframávöxtun	16,7%	
Alfa	14,2%	
Árangurshlutfall	3,66	
Áhætta	18,2%	23,1%
Hermiskekkja	9,1%	
Hlutfall jákvæðra mánaða	66,7%	
Mánaðarlegt vágildi (VAR 95%)	-8,1%	-11,8%

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Síðast liðin 5 ár hefur árangur sjóðsins miðað við viðmiðunarvísitölu og 3,5% raunávöxtunarkröfu verið eftirfarandi:

ÁVÖXTUN FRÁ JANÚAR 2003 MARS 2009




Markaðsáhætta (mánaðarlegt staðalfrávik ávöxtunar) sjóðsins er mæld mánaðarlega og borin saman við viðmið. Markmið sjóðsins hefur verið að markaðsáhætta sé að öllu jöfnu ekki meiri en er í viðmiðunarvísitölu sjóðsins. Síðast liðin 5 ár hefur samanburðurinn verið sem hér segir:

Staðalfrávik	2004	2005	2006	2007	2008	Allt tímabilið
Sjóðurinn	6,4%	3,3%	5,7%	2,9%	18,2%	7,3%
Vísitala	6,4%	4,1%	6,2%	4,2%	23,1%	8,8%
Mismunur	0,0%	-0,8%	-0,5%	-1,3%	-4,9%	-1,5%
Hlutfall	100,0%	80,5%	91,9%	69,0%	78,8%	83,0%

Eins og sést hefur þetta markmið sjóðsins gengið nokkuð vel eftir þótt sveiflur í ávöxtun hafi verið umtalsvert meiri á síðasta ári vegna þeirra hremminga sem gengu þá yfir. Ef litið er á dreifni ávöxtunar yfir lengra tímabil, þá hefur hún lengst af verið á tiltölulega þröngu bili. Síðasta ár skar sig verulega úr eins og sést á meðfylgjandi línuriti þar sem mestu öfgagildin eru frá síðasta ári.

SÖGULEG DREIFNI ÁVÖXTUNAR STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR


Janúar 1997 – mars 2009



SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Sjóðurinn fylgist einnig með svokallaðri samanburðaráhættu, sem einkum felst í því að bera saman eignasamsetningu sjóðsins við aðra lífeyrissjóði. Eins og sést á neðangreindu súluriti hefur eignasamsetning Stapa verið nokkuð önnur en margra annarra sjóða. Þessi munur hafði jákvæð áhrif á afkomu Stapa á síðasta ári, en gerði það einnig að verkum að ávöxtun sjóðsins hefur á stundum verið minni en margra annarra sjóða, sérstaklega þegar hlutabréf hafa gefið hvað besta ávöxtun.

EIGNASAMSETNING 31.12.2008




Rétt er að taka fram að hér er um grófan samanburð að ræða, en tölurnar eru unnar upp úr því talnaefni sem Seðlabanki Íslands tekur saman um lífeyrissjóði. Flokkun eigna þar er ekki mjög nákvæm, sem rétt er að hafa í huga þótt samanburðurinn ætti að gefa vissar vísbendingar.


EFNAHAGUR OG TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Hrein eign Tryggingadeildar til greiðslu lífeyris í árslok var 92.258,9 milljónir króna og hafði hækkað um 2.875,0 milljónir króna eða 3,2% frá árinu á undan. Eignasamsetning deildarinnar í árslok var sem hér segir (samanburður við samsetningu vísitölu):

Sjóður




Vísitala



Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var neikvæð á árinu um 16,7 milljarða króna sem sennilega er lakasta afkoma í sögu hans. Ástæðan er sú að ávöxtun sjóðsins var verulega langt undir þeirri ávöxtun sem réttindaávinnsla sjóðsins byggir á. Tryggingafræðileg staða sjóðsins veiktist því mikið og fór úr því að vera jákvæð um 2,2% yfir í það að vera neikvæð um 6,9%. Þessi neikvæða staða er innan leyfilegra marka og var ákveðið að bregðast ekki við henni sérstaklega nú, heldur sjá hverju fram vindur. Staðan gefur sjóðnum þó lítið svigrúm til framtíðar lítið og náist ekki að bæta afkomu sjóðsins á komandi árum eru líkur á að til skerðingar réttinda komi.


SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Hér má sjá tryggingafræðilega afkomu sl. 10 ár.



Útgjöld sjóðsins falla til á löngum tíma svo nokkur tími er til stefnu til að vinna tapið upp með bættri ávöxtun. Það mun þó ekki gerast nema starfsumhverfi sjóðsins batni verulega frá því sem nú er. Á eftirfarandi línuriti má sjá áætlaðar tekjur, gjöld og sjóðsstöðu fram til ársins 2089. Eins og sést á þessu verður sjóðurinn uppurinn árið 2057 en þá verða enn eftir talsverð réttindi til að greiða út. Mikilvægt er því að loka neikvæðri tryggingafræðilegri stöðu sem allra fyrst þannig að draga megi úr þessari óvissu.

ÁÆTLAÐ SJÓÐSSTREYMI STAPA LÍFEYRISSJÓÐS Tryggingafræðilegt uppgjör 31.12.2008




IÐGJÖLD OG SJÓÐFÉLAGAR

Alls greiddu 19.165 sjóðfélagar hjá 2.566 launagreiðendum iðgjöld til tryggingadeildar sjóðsins á árinu 2008. Iðgjöld námu 4.806 milljónum króna og lækkuðu um 8,3% frá fyrra ári.

Alls greiddu 50 stærstu launagreiðendurnir um 52% af iðgjöldum til sjóðsins. Allnokkur breyting hefur orðið á hópi stærstu launagreiðenda en Bechtel International sem var langstærsti launagreiðandi ársins 2007 hverfur af listanum.


SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

30 STÆRSTU LAUNAGREIÐENDUR 2008



Veruleg breyting hefur orðið á atvinnugreinaskiptingu milli ára. Þannig voru um 18% af iðgjöldum ársins 2008 að koma frá byggingariðnaði samanborið við 33% á árinu 2007 en hlutfallslegt vægi annarra atvinnugreina eykst og er vægi þeirra nú í átt við það sem var fyrir virkjanaf framkvæmdir á Austurlandi.


SKIPTING LAUNAGREIÐENDA EFTIR ATVINNUGREINUM



REKSTUR

Rekstrarkostnaður Tryggingadeildar nam 73,9 milljónum króna samanborið við 106 milljónir króna á árinu 2007 og lækkaði þannig um ríflega 30% á milli ára. Við samanburð á þessum tölum ber þó að hafa í huga að á árinu 2008 eru þóknarir vegna endurgreiðslna á lífeyrisgreiðslum útlendinga utan ESB færðar til lækkunar á kostnaði. Fjárfestingargjöld deildarinnar námu 48,2 milljón króna samanborið við 55,3 milljónir króna árið áður og lækkuðu fjárfestingargjöld því um 13% milli ára. Heildarkostnaður Tryggingadeildar var þannig 122,1 milljónir króna eða sem svarar 0,13% af heildar eignum deildarinnar samanborið við 161,3 milljónir eða 0,19% króna á árinu 2007. Sé hins vegar tekið tillit til ofangreindra þóknana er heildarkostnaður deildarinnar 0,16% á árinu 2008.


SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA



SÉREIGNARDEILD

Eins og áður er getið gekk rekstur allra safna Séreignardeildar vel á árinu. Skýringin er fyrst og fremst sú að minni áhætta var í söfnum deildarinnar, einkum í skuldabréfum þar sem deildin átti eingöngu ríkisskuldabréf. Rík áhersla hefur verið lögð á að hafa eignirnar í vel seljanlegum eignum og stýra áhættu með virkum hætti með því að bregðast við utanaðkomandi aðstæðum. Þessi stefna skilaði góðum árangri við erfiðar aðstæður:

Afkoma safna Séreignardeildar voru sem hér segir:




Safn III hóf starfsemi 1. nóvember 2008 – eldri tölur eru miðaðar við kjör á verðtryggðum reikningum fyrir þann tíma.

Safn I og II hafa verið í rekstri síðan 1999, en Safn III var stofnað á síðasta ári og hóf starfsemi 1. nóvember sl. Safnið er eingöngu ávaxtað í innlánnum og var sett á stofn til að gefa fólki kost á að fjárfesta í safni sem ekki ber markaðsáhættu. Þótt eignir Safna I og II séu í tryggum bréfum eru þær í markaðsbréfum, sem munu ávallt sveiflast í verði. Þau eiga að geta gefið hærri ávöxtun en innlán til lengri tíma litið, en ávöxtunin verður sveiflukenndari.

Löggjöld til Séreignardeildar námu 191 milljón króna á árinu 2008 og lækkuðu um 16% frá fyrra ári, sem bæði skýrist af lækkun iðgjalda hjá sjóðnum almennt vegna minni umsvifa á starfssvæðinu, en einnig má gera ráð fyrir að minnkandi sparnaður í kjölfar efnahagsörðugleika hafi haft nokkur áhrif.

Heildareignir deildarinnar voru tæplega 3,5 milljarðar í árslok sem er hækkun um tæplega 34% milli ára og skýrist að mestu af góðri ávöxtun. Eignasamsetning safnanna í árslok var sem hér segir:

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA




Fjárfestingarstefna safnanna hefur verið sveigjanleg og mikil áhersla hefur verið lögð á að vera í vel seljanlegum bréfum. Þetta gefur möguleika á því að bregðast hratt við aðstæðum, sem upp koma. Fjárfestingarstefna safnanna er sem hér segir:

SÉREIGNARDEILD STAPA - FJÁRFESTINGARSTEFNA			
	Safn I	Safn II	Safn III
Innlend skuldabréf	0-100%	0-80%	
Skammtímafréttir og innlán	0-100%	0-80%	100%
Innlend hlutabréf	0-20%	0-20%	
Erlend verðbréf	0-30%	0-50%	

Það hefur verið stefna Stapa frá upphafi að viðbótarlífeyrissparnað bæri að ávaxta með það í huga að forðast töp eftir því sem kostur er. Mikil áhersla er því lögð á að stýra eignum safnanna með þetta í huga og er eignasamsetning endurskoðuð mánaðarlega á fundum Fjárfestingarráðs. Þessi stefna leiðir til þess að söfnin eru ekki líkleg til að ná ávallt hæstu ávöxtun, einkum þegar áhættusömustu eignirnar eins og hlutabréf gefa hvað mest af sér. Töpin verða hins vegar minni þegar illa árar og styttri tíma tekur að vinna þau upp. Það er sannfæring okkar að varkár stefna af þessu tagi muni gefa besta ávöxtun til lengri tíma lítið. Þannig hefur hlutfallsleg ávöxtun safnanna verið best á erfiðum tímum og ávöxtun verið jákvæð öll árin frá stofnun þeirra.

Eignasafn Tryggingadeildar hefur verið líkust Safni II. Eins og sést á meðfylgjandi línuriti var ávöxtun áþekkt fram í september 2008, en þá skildu leiðir. Ástæðan var fyrst og fremst mismunur á samsetningu skuldabréfa í eignasöfnunum, eins og áður hefur verið rakið, en ríkisskuldabréf hækkuðu mikið við bankahrunið á meðan önnur markaðsskuldabréf rýrnuðu verulega í verði. Af þessu má draga nokkurn lærdóm.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA



LOKAORÐ

Árið 2008 var erfitt í rekstri Stapa lífeyrissjóðs, líkt og annarra sem sýsla með sparnað og eignastýringu á Íslandi. Líkur eru á að næstu ár verði einnig krefjandi, en mikilvægt er að við reynum að verja eftirlaunasparnað félagsmanna okkar með öllum tiltækum ráðum. Öllum kreppum lýkur um síðir og gott og öflugt eftirlaunakerfi er aldrei mikilvægara en þegar erfiðleikar steðja að. Því er mikilvægt að íslenska lífeyriskerfið komist sem best frá þessum hremmingum og að því munum við vinna.

Stjórnin þakkar framkvæmdastjóra og starfsmönnum gott samstarf á liðnu starfsári. Sömu þakkir eru færðar til lífeyrisþega, sjóðfélaga og launagreiðenda sjóðsins.

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR ÁRSREIKNINGUR 2008

SKÝRSLA STJÓRNAR

Árið 2008 var óvenjulegt og atburðaríkt. Fjármálakreppan sem hófst á árinu 2007 dýpkaði mikið með tilheyrandi erfiðleikum á fjármálamörkuðum og í atvinnulífi. Hér innanlands bar hæst hrun stóru viðskiptabankanna þriggja sem hafði mikil áhrif á allt íslenska fjármálakerfið, með hruni á gengi krónunnar og verði á innlendum eignum. Velflestar eignir, fyrir utan ríkisskuldabréf, féllu einnig mikið í verði á flestum mörkuðum heims. Þetta umhverfi hafði mikil áhrif á afkomu sjóðsins og var hún sú langlakasta frá stofnun hans.

Sjóðurinn var í miklum og margháttuðum viðskiptum við viðskiptabankana þrjá sem féllu. Fall þeirra hafði því umtalsverð áhrif á afkomu sjóðsins til hins verra. Sjóðurinn hafði selt nær öll innlend hlutabréf fyrir fallið, en átti stórar kröfur í formi skuldabréfa á bankana. Þá hafði sjóðurinn gert afleiðusamninga við bankana fyrst og fremst til að verja erlendar eignir sjóðsins fyrir gjaldmiðlaáhættu. Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf bankanna verðlaus og mikil óvissa ríkir um verðmæti annarra skuldabréfa sem þeir gáfu út. Þá ríkir einnig mikil óvissa um verðmæti skuldabréfa annarra aðila, sem bankahrunið hafði mikil áhrif á. Í uppgjörinu er reynt að leggja mat á verðmæti þessara eigna. Er reynt að hafa varúðarsjónarmið að leiðarljósi við þetta mat, þannig að bréfin séu ekki metin á hærra verði en ætla má að innheimtist. Þá er óvissa um hvort og þá hvernig gera á upp afleiðusamninga við bankana, en bankarnir urðu, við fallið, ófærir um að sinna þeirri þjónustu sem þeir voru samningsbundnir að gera samkvæmt samningum við sjóðinn. Vegna falls krónunnar var tap á flestum þessara samninga við fall bankanna. Sjóðurinn hefur gert bönkunum tilboð um að gera upp þessa samninga miðað við gengisvísitölu fyrir hrunið en því boði hefur ekki verið sinnt. Komi til uppgjör samninganna þá telur sjóðurinn sig geta skuldajafnað hluta fjárhæðarinnar á móti kröfum á bankana. Byggir uppgjör sjóðsins á þessari aðferð við að meta stöðuna gagnvart bönkunum. Nettóstaða samninganna skv. þessari aðferð er neikvæð um 3.277 millj. kr. og er gerð nánari grein fyrir henni í skýringu 14 í ársreikningnum, en þar er jafnframt gerð nánari grein fyrir mögulegu fráviki frá þessu mati. Tap sjóðsins af hruni fjármálakerfisins á Íslandi stafar fyrst og fremst af tapi á skuldabréfum á bankana og önnur fyrirtæki, sem og vegna gjaldeyrisvarnarsamninga. Ávöxtunarleiðir Séreignardeildar áttu engin slík bréf og þær voru jafnframt ekki með gjaldeyrisvarnarsamninga. Afkoma þeirra var því önnur og betri en afkoma Tryggingadeildar.

Á árinu 2008 greiddu 19.165 sjóðfélagar hjá 2.566 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins og námu iðgjöld ársins 4.997 millj. kr. Iðgjöld til Tryggingadeildar voru 4.806 millj. kr. og lækkuðu um 8,3% frá fyrra ári. Iðgjöld til Séreignardeildar lækkuðu um 16,5%. Fjöldi virkra sjóðfélaga þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum var 12.837.

Heildarlífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar sjóðsins á árinu að teknu tilliti til endurgreiðslu úr ríkissjóði vegna jöfnunar örorkubyrði námu 2.123 millj. kr. sem er hækkun um 7,7% frá fyrra ári. Ellilífeyrir nam 1.391 millj. kr. örorkulífeyrir nam 725 millj. kr. makalífeyrir nam 182 millj. kr. og barnalífeyrir 38 millj. kr. Þá námu lífeyrisgreiðslur úr Séreignardeild 42 millj. kr. Endurgreiðsla úr ríkissjóði nam 212,7 milljónum króna. Lífeyrisþegar í árslok voru 6.555.

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2008 var 84,3 millj.kr. og lækkar um 29,9 millj. kr. eða um 26,2% á milli ára. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,08% samanborið við 0,12% árið áður. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu var 10,3 samanborið við 11,6 árið áður og námu heildarlaunagreiðslur 70,5 millj. kr. á árinu.

Hrein eign Tryggingadeildar til greiðslu lífeyris nam 92.259 millj. króna og hækkaði um 2.875 milljónir frá fyrra ári eða 3,2%. Nafnávöxtun deildarinnar var jákvæð um 0,2% en raunávöxtun neikvæð um 13,9%. Hrein eign Séreignardeildar var 3.485 millj. kr. og hækkaði um 33,7% frá fyrra ári. Séreignardeildin býður upp á þrjár ávöxtunarleiðir, Safn I, Safn II og Safn III og var hrein raunávöxtun leiðanna 8,5%, 9,1%, og 7,4% á árinu.

Sjóðurinn fjárfesti fyrir 56.656 milljónir kr. á árinu og er vísað til ársreiknings um skiptingu fjárfestingarinnar.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið gerð á stöðu Tryggingadeildar sjóðsins í árslok 2008. Tryggingafræðileg afkoma ársins var neikvæð um 16.744 millj. kr. sem fyrst og fremst má rekja til slakrar ávöxtunar á eignum sjóðsins á árinu. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð í árslok um 12.906 millj. kr. eða 6,9%. Neikvæð tryggingafræðileg staða deildarinnar er innan leyfilegra marka skv. lögum og því þarf ekki að skerða réttindi vegna þessarar niðurstöðu. Í úttektinni er ekki tekið tillit til framlags ríkisins vegna jöfnunar á örorkubyrði. Væri það gert myndi hallinn minnka í -5,1%. Í skýringu 16 í ársreikningnum er gerð grein fyrir því hvaða áhrif óvissa í mati eigna sjóðsins getur haft á tryggingafræðilega stöðu Tryggingadeildar sjóðsins. Skv. því mati gæti staða deildarinnar batnað þannig að tryggingafræðileg staða hennar yrði -4,5% eða að gæti versnað og orðið -9,1%. Sambærilegar tölur væru -2,7% og -7,3% ef reiknað væri með að framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði væri til frambúðar.

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning 2008 með áritun sinni.

Akureyri, 23. febrúar 2009

Stjórn:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Sigurður Hólm Freysson

Aðalsteinn Árni Baldursson

Aðalsteinn Ingólfsson

